

Fimmtudaginn 16. júní 1988.

Nr. 253/1987. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Bergsveini Þórarinssyni**

(Sveinn Snorrason hrl.)

Bífreiðar. Manndráp af gáleysi. Brot gegn umferðarlögum.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason, settur hæstaréttardómari, og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 22. júlí 1987 og jafnframt af hálfu ákærvaldsins til þyngingar.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þau breyta ekki því sem áður er fram komið.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er varðar sök ákærða. Brot hans varðar við 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. og 2. mgr., staflíð e, 36. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem dæma ber eftir, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá varðar brot hans við 215. gr. 1. nr. 19/1940.

Eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi gekkst ákærði 4. júní 1986 undir sekt með dómsátt í sakadómi Kópavogs fyrir brot á 50. gr. þágildandi umferðarlaga, 37. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Brot þetta var framið þann 7. mars 1986. Slys það er hér er til meðferðar varð þann 25. mars 1986. Samkvæmt 100. gr. 1. nr. 50/1987, sbr. 78. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing hans hæfilega ákveðin sem hegningarauki 60.000,00 króna sekt til ríkissjóðs sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti ákærði 20 daga varðhaldi.

Ákærði hefur þegar tekið út sex mánaða ökuleyfisviptingu.

Með heimild í 101. gr. laga nr. 50/1987 ber að svipta ákærða leyfi til að aka bífreið í sex mánuði til viðbótar þeirri sviptingu sem honum var gerð í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma

ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, eins og nánar greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Bergsveinn Þórarinnsson, greiði 60.000,00 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella 25 daga varðhaldi.

Ákærði er sviptur rétti til að aka bifreið í sex mánuði til viðbótar frá birtingu dómsins.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Kópavogs 12. júní 1987.

Mál þetta sem dómtekið var þann 25. maí sl. er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru dags. 13. október 1986 „á hendur Bergsveini Þórarinssyni kerfisfræðingi, Álfhólsvegi 151, Kópavogi, fæddum í Reykjavík 2. september 1957, fyrir að aka, um kl. 23:00 þriðjudagskvöldið 25. mars 1986, bifreiðinni Y-4774 án nægilegrar aðgæslu í myrkri en við góða götulýsingu með allt að 70 kílómetra hraða á klukkustund vestur Álfhólsveg í Kópavogi með þeim afleiðingum, að Anna Kristín Danielsdóttir, Langhóltsvegi 148, Reykjavík, sem gekk eða hljóp norður yfir Álfhólsveg á móts við hús nr. 10 A og 12, varð fyrir bifreiðinni. Hlaut Anna Kristín mikla áverka á höfði og á brjóstholi, sem leiddu hana samstundis til dauða.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. og 3. mgr., staflíð b, 49. gr. og 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976 og lög nr. 16, 1977 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaganna.

Málavextir.

Með vísan til framburðar ákærða og vitna svo og annarra gagna málsins eru málavextir þeir að um kl. 23:00 þriðjudagskvöldið 25. mars 1986 var lögreglan í Kópavogi kvödd að Álfhólsvegi 10 A hér í bæ en þar hafði

Anna Kristín Daníelsdóttir, f. 12. júlí 1966, orðið fyrir bifreið og lá hún rænulaus á götunni. Ökumaður bifreiðarinnar sem stúlkan varð fyrir var Bergsveinn Þórarinnsson, ákærði í máli þessu. Stúlkan var flutt á slysadeild Borgarspítalans en er þangað kom var hún látin.

Lögreglan gerði uppdrátt af vettvangi og tók ljósmyndir. Í skýrslu lögreglunnar kemur fram að myrkur hafi verið en lýsing góð, vegur malbikaður, sléttur og þurr. Hemlaför mældust 24 metrar frá þeim stað sem þau byrjuðu að afturenda bifreiðarinnar. Í skýrslu lögreglunnar kemur fram að hemlaför hafi verið dauf fyrstu metrana en síðan skörp nema á 1-2ja metra kafla um 12 metrum aftan við bifreiðina en þar hafi þau rofnað. Þeir lögreglumenn sem unnu að rannsókn málsins hafa allir komið fyrir dóminn og staðfest skýrslur, uppdrætti og ljósmyndir og hafa þar að auki gefið nánari skýringar á þeim atriðum sem gætu skipt máli.

Ákærði hefur skýrt svo frá að hann hafi ekið vestur Álfhólsveg umrætt kvöld en hann hafi verið að koma úr Engihjalla. Akstursskilyrði hafi verið góð, myrkur en heiðskírt, tungl fullt og umferð hafi verið mjög lítil. Ákærði gat ekki sagt til um það á hve miklum hraða hann ók, en hann kvaðst ekki hafa litið á hraðamælinn. Ekkert sérstakt hafi vakið athygli hans fyrr en mjög skyndilega þegar hann varð var við eitthvað fyrir framan vinstra horn bifreiðarinnar. Hann kveðst strax hafa stigið á hemla og hafi hann þá séð eða fremur fundið að eitthvað féll niður undir bifreiðina. Þetta hafi gerst mjög snögg og kvaðst hann ekki hafa áttað sig á því fyrr en eftir á að þarna var manneskja á ferð. Ákærði segist hafa verið vel upplagður, afslappaður og ekkert að flýta sér. Hann hafi verið með athyglina fullkomlega við aksturinn og ekki hafi hann veitt neinu sérstöku athygli fyrr en rétt um það leyti sem slysið varð. Ekki mundi hann eftir bifreið úr gagnstæðri átt. Honum virtist manneskjan sem þarna var á ferð hafi hallað sér fram. Hann kvaðst aldrei hafa séð fætur hennar heldur aðeins efri hluta líkamans. Hann hafi ekki séð hana fyrir framan bifreiðina heldur framundan og aðeins til vinstri hliðar við sig.

Ekki er vitað um önnur vitni að slysi þessu en þær Aðalheiði Guðgeirsdóttur, Norðurvangi 23 í Hafnarfirði, og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, Sléttahrauni 34 í sama bæ, en Anna Kristín hafði verið með þeim í bifreið er Aðalheiður ók skömmu áður en slysið varð.

Hanna Birna hefur skýrt svo frá að þær vinkonurnar hafi verið að koma frá spákonu og voru að skila Önnu Kristínu heim en hún hafði dvalarstað að Álfhólsvegi 21. Vitnið kvaðst hafa skipt um sæti og farið fram í bifreiðina þegar Anna Kristín fór út úr henni. Vitnið taldi sig hafa sest inn í bifreiðina um sama leyti sem Anna Kristín gekk frá bifreiðinni eða aftur fyrir hana. Ekki kvaðst vitnið hafa fylgst frekar með ferðum Önnu Kristínar fyrr en eftir að Aðalheiður hafði ekið af stað en þá leit vitnið aftur og

sá fót Önnu Kristínar þeytast upp í loftið. Vitnið mundi ekki eftir að hafa séð bifreið ákærða fyrr en eftir slysið.

Aðalheiður Guðgeirsdóttir hefur skýrt svo frá að hún hafi stöðvað bifreiðina á mótis við Álfhólsveg 21 en þar hafi Anna Kristín farið út úr bifreiðinni. Hún hafi tekið dót sitt með sér sem hún hafði í plastpoka. Þegar vitnið hafði ekið u.þ.b. eina til tvær billengdir hafi Hanna Birna litið til baka og hrópað eitthvað um Önnu. Vitnið kvaðst hafa litið til baka og séð plastpoka og eitthvert fatadót þeytast í loftinu. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa stöðvað bifreiðina eða á mótis við hús nr. 14. Ekki tók vitnið eftir bifreið ákærða er henni var ekið um Álfhólsveginn.

Vitnið Hlynur Jörundsson, Framnesvegi 17 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá að hann hafi séð bifreið ákærða og kannast við hana, er bifreiðinni var ekið vestur Álfhólsveg um það leyti sem vitnið opnaði útidyrarhurð á húsinu nr. 14 við Álfhólsveg fyrir móður sinni. Eftir að vitnið hafði lokað útidyrunum heyrði það högghljóð. Vitnið segist hafa hlaupið að eldhúsglugga og litið út en síðan hafi það farið út og séð þá bifreið stúlnanna um það leyti sem hún nam staðar fyrir utan Álfhólsveg 14. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt á hve miklum hraða ákærði ók framhjá Álfhólsvegi 14 en þó taldi vitnið að hraðinn hefði ekki verið mikill, e.t.v. 30-40 km á klukkustund miðað við þann tíma sem leið frá því hann ók hjá og þar til vitnið heyrði högghljóðið svo og miðað við þann hraða sem vitninu virtist vera á bifreiðinni er það sá hana aka hjá.

Samkvæmt skýrslu bifreiðæftirlits ríkisins sem lögð hefur verið fram í málinu kemur fram að bifreiðæftirlitsmaður skoðaði bifreiðina Y-4774 þann 26. mars 1986 og reyndist bifreiðin í lagi. Einnig kemur þar fram að bifreiðin var hemlaprófuð á 60 og 80 km hraða.

Dómarinn hefur óskað eftir sérfræðialiti Jóns Baldurs Þorbjörnssonar bílaverkfræðings á því hvort hægt væri að ákvarða með vissu hraða bifreiðarinnar Y-4774 er ákærði ók henni um Álfhólsveg þriðjudagskvöldið 25. mars 1986.

Í staðfestri álitsgerð verkfræðingsins, sem dagsett er 23. mars sl., kemur fram að samkvæmt gögnum málsins hafi hemlar bifreiðarinnar verið í fullkomnu lagi og hemlun jöfn á öllum hjólum er slysið bar að höndum. Ljósmyndir sýni að yfirborð götu hafi verið þurr og hreint og eins gripgott og hugsast getur. Í niðurstöðu álitsgerðarinnar er talið að með því að gera ráð fyrir framangreindum aðstæðum þá hafi hraði bifreiðarinnar Y-4774, áður en slysið varð umrætt kvöld, ekki verið undir 69,5 km/klst.

Lögð hafa verið fram í málinu 2 vottorð frá Veðurstofu Íslands um veðurfar þann 25. mars 1986. Samkvæmt þeim var bjart sólskin allan daginn en kólnaði með kvöldinu. Hiti var  $+4.4^{\circ}$  um hádegi en  $+6.3^{\circ}$  kl. 21.

Þá hefur verið lögð fram skýrsla prófessors Gunnlaugs Geirssonar um réttarkrufningu og er ályktun þar svohljóðandi: „Anna Kristín Daniëlsdóttir lést af völdum áverka, sem hún hlaut er bifreið ók á hana. Mestir áverkar voru á höfði, s.s. höfuðkúpbrof, blæðingar umhverfis heilann og brof á efsta hálslið. Auk þess voru miklir áverkar á brjósthól með blæðingum í holrúm líkamans, svo og rifur í milta og lifur með blóði í kviðarholi.“

— — —

Niðurstöður.

Með vísan til þeirra gagna sem fyrir liggja í málinu þykir sannað að Anna Kristín Daniëlsdóttir varð fyrir bifreiðinni Y-4774 er ákærði ók henni um Álfhólsveg að kvöldi 25. mars 1986. Samkvæmt framburði ákærða varð hann ekki var við stúlkuna fyrr en örskammri stundu áður en hún lenti fyrir bifreiðinni eða féll undir hana. Með hemlaförum, sem mældust 24 m, svo og með vísan til álitsgerðar, Jóns Baldurs Þorbjarnarsonar þykir sannað að ákærði hefur ekið bifreiðinni með allt að 70 km hraða á klukkustund er hann ók um Álfhólsveg skömmu fyrir slysið. Telja verður að þessi hraði á bifreiðinni hafi enn frekar en ella valdið hinum alvarlegu áverkum sem lýst er í skýrslu Gunnlaugs Geirssonar og leiddu stúlkuna til dauða. Einnig verður að telja að of mikill hraði og aðgæsluleysi ákærða hafi átt sinn þátt í að ákærða gafst ekki ráðrúm til að bregðast við för stúlkunnar yfir götuna með viðeigandi hætti en taka ber þó tillit til þess að stúlkann virðist ekki hafa sýnt næga aðgæslu er hún fór yfir götuna. Háttsemi ákærða þykir rétt lýst í ákæru og brotin réttilega heimfærð til refsilaga-ákvæða.

Ákærði er sakhæfur og hefur þann 4. júní 1986 gengist undir sektargreiðslu með dómsátt fyrir brof gegn 50. gr. umferðarlaga framið 7. mars 1986.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt þeim refsilaga-ákvæðum sem ákært er fyrir varðhald í 45 daga en rétt þykir þó með vísan til málavaxta að fresta fullnustu refsingar og að hún falli niður að 3 árum liðnum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá ber svo sem krafist er í ákæru og með vísan til þess lagaákvæðis sem þar er vitnað til að svipta ákærða ökuréttindum og þykir sviptingartíminn hæfilega ákveðinn 6 mánuðir frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna Sveins Snorrasonar hrl. sem þykja hæfilega ákveðin kr. 45.000,00.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Bergsveinn Þórarinnsson, sæti varðhaldi í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá birtingu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun Sveins Snorrasonar hrl., kr. 45.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. júní 1988.

Nr. 36/1988. **Jörundur Bjarnason**

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

**Rækjuveri hf.**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög. Uppsögn.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 1. febrúar sl. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða 95.574,44 krónur með árlegum dráttarvöxtum svo sem hér greinir: 30% frá 1. maí 1987 til 1. júní s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. september s.á., 42% frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. maí s.á.,